

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 30. maí 2018 í máli nr. E-2887/2017:

**Járngrímur slf.**

*(Birgir Már Björnsson lögmaður)*

**gegn**

**Þingvangi ehf.**

*(Bjarki Þór Sveinsson lögmaður)*

Mál þetta, sem dómtekið var 8. maí 2018, var höfðað 15. september 2017 af Járngrími slf., [...], gegn Þingvangi ehf., [...]

Stefnandi krefst þess að stefnda Þingvangi ehf. verði gert að greiða honum 7.339.148 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 12. febrúar 2015 til greiðsludags. Stefnandi krefst auk þess málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

## I.

Mál þetta á rót að rekja til munnlegs verksamnings sem aðilar gerðu með sér síðsumars 2013 þess efnis að stefnandi tæki að sér járnabindingar vegna framkvæmda á vegum stefnda í Reykjavík, en stefndi stóð fyrir framkvæmdum á byggingarreitum sem kenndir voru við Hljómalind annars vegar og Lýsi hins vegar. Heildarmagn járnsmiðs sem binda átti í verkunum mun hafa verið 225.375 kílógrömm vegna Hljómalindarreits og 1.144.800 kílógrömm vegna Lýsisreits. Samkvæmt verksamningi mun umsamið verð vegna járnabindinga á Hljómalindarreit hafa verið 95 kr. á hvert kílógramm járnsmiðs sem bundið var. Umsamið verð vegna járnabindinga á Lýsisreit mun hafa numið 82 kr. á hvert kílógramm af járnsmiði. Málið sem hér er til úrlausnar hverfist um járnabindingar á Lýsisreitnum, en samhliða þessu er rekið annað mál er varðar vinnu stefnanda á Hljómalindarreit.

Hinn 27. nóvember 2014 fundaði Ólafur Þ. Kristjánsson, fyrirsvarmaður stefnanda, með Pálmari Harðarsyni, fyrirsvarmanni stefnda. Á fundi þessum var af hálfu stefnanda farið fram á hærri einingaverð. Í kjölfar þessa fundar mun stefndi hafa tekið sér umhugsunarfrest en stefnandi á meðan haldið áfram með verk sitt.

Á fundi 5. desember 2014 tilkynnti stefndi fyrirsvarmanni stefnanda að ekki væri fallist á óskir um hækkun einingaverðs. Deilt er um hvort líta beri á þessa ákvörðun sem formlega riftun verksamnings aðila. Óumdeilt er að daginn eftir þennan fund hafi stefnandi fjarlæggt verkfæri sín af verkstöðum og yfirgefið vinnusvæðin fyrir fullt og allt.

Með bréfi stefnanda 12. janúar 2015 var riftun mótmælt og óskað eftir viðræðum um efndir hinna upprunalegu verksamninga eða bótum úr hendi stefnda og Hljómalindarreits ehf. vegna riftunarinnar. Lögmaður stefnda hafnaði beiðni stefnanda með bréfi 2. febrúar 2015 og hélt því jafnframt fram að um hefði verið að ræða ólögmeta verkstöðvun af hálfu stefnanda. Lögmaður stefnanda ritaði lögmanni stefnda ítrekunarbréf 4. febrúar 2015 varðandi ætlað ólögmeti riftunarinnar.

Með matsbeiðni 19. ágúst 2015 óskaði lögmaður stefnanda eftir dómkvaðningu matsmanns til að meta hvert tjón stefnanda væri vegna missis hagnaðar sökum riftunar verksamnings um járnabindingu á Lýsisreit. Einnig var óskað eftir því að matsmaður mæti hvert væri tjón stefnanda vegna missis hagnaðar sökum riftunar verksamnings um járnabindingu á Hljómalindarreit.

Hinn 23. október 2015 var Ingvar Sveinbjörnsson, hrl. og járnamaður, dómkvaddur til að framkvæma umbeðið mat. Matsgerð hans liggur fyrir í málinu og er hún dagsett þann 20. febrúar 2017. Niðurstaða matsmanns var sú að tjón stefnanda vegna missis hagnaðar af Lýsisreit næmi 7.339.148 kr. Matsmaður gaf skýrslu fyrir dóminum við aðalmeðferð málsins og staðfesti matsgerð sína.

## II.

Stefnandi byggir á því að fyrirvaralaus riftun stefnda á verksamningi aðila sem fram fór 5. desember 2014 hafi verið með öllu ólögmet. Í þessum eignum bendir stefnandi á að engar vanefndir hafi orðið af hans hálfu á verktíma og vinna hans að öllu leyti verið í samræmi við verksamning aðilanna. Stefndi hafi aldrei beint kvörtunum til stefnanda. Stefndi beri sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði riftunar hafi verið fyrir hendi. Slíka sönnun hafi stefndi ekki fært fram og því verði að telja að riftun hafi verið með öllu ólögmet og tilefnislaus.

Með vísan til þess að riftunin hafi verið ólögmet gerir stefnandi kröfu um greiðslu efndabóta, þ.e. að stefnandi verði jafnsettur og ef samningi aðila hefði ekki verið rift. Samkvæmt meginreglum skaðabóta- og fjármunaréttar beri að gera tjónþola eins settan og hin bótaskylda athöfn hefði ekki átt sér stað. Tjón stefnanda felist í missi þess hagnaðar sem falist hefði í því að verksamningur aðila hefði verið réttilega efndur. Öll skilyrði hinna almennu skaðabótareglna um huglæga afstöðu, orsakatengsl og sennilega afleiðingu séu uppfyllt og hafi stefnda mátt vera það ljóst er hann tók ákvörðun um að rifta verksamningi aðila. Ákvörðun stefnda um riftun verksamningsins sé því saknæm og ólögmet og öll skilyrði efndabóta uppfyllt.

Dómkröfur stefnanda séu byggðar á matsgerð dómkvadds matsmanns. Í matsgerðinni sé stuðst við hefðbundna aðferðafræði við mat á tjóni stefnanda. Í því felist að tekjur stefnanda fyrir hið vanefnda tímabil séu áætlaðar og síðan sé dreginn frá áætlaður kostnaður. Stefnandi telur, í samræmi við niðurstöðu

matsgerðar, að tjón vegna tapaðs hagnaðar nemi 7.339.148 kr. Dráttarvaxtakrafa miðist við mánuð frá þeim degi þegar bréf stefnanda 12. janúar 2015 var sent, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

### III.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að hann hafi aldrei rift samningi milli aðila, hvorki á meðan stefnandi hafi verið með starfslið sitt á verkstað, né síðar. Hafi einhver rift samningnum hafi það verið stefnandi með þeirri háttsemi að hætta tafarlaust vinnu og fara með allt sitt starfslið og verkfæri af verkstað.

Stefndi telur að gera verði þá kröfu að tilkynning um riftun hafi komið frá aðila sem bær sé til að gefa út slíka riftun af hálfu stefnda. Engu slíku hafi verið lýst yfir af hálfu stefnda.

Stefndi telur að gera megi þá lágmarkskröfu til sönnunar að stefnandi hafi sent tölvuskeyti um skilning sinn á ætlaðri riftun og fengið staðfestingu frá aðila sem bær væri til að gefa út slíka staðfestingu af hálfu stefnda. Þetta hafi stefnandi ekki gert.

Ásamt því að stefnandi hafi að engu leyti tryggt sér fullnægjandi sönnur fyrir því að riftun hafi átt sér stað séu aðgerðir hans og háttsemi í kjölfar hinnar meintu riftunar til marks um algjört aðgæsluleysi stefnanda. Þannig hafi meira en einn mánuður liðið frá því að stefnandi og hans starfslið hurfu frá verkinu og þar til stefnandi hélt því fyrst fram að samningnum hefði verið rift af hálfu stefnda.

Á grundvelli reglna einkamálaréttarfars um sönnun og sönnunarbyrði beri stefnandi sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni að samningnum hafi verið rift. Þannig verði að gera skýra kröfu til stefnanda um að hann sanni þá fullyrðingu að stefndi hafi rift verksamningi aðila. Stefnandi verði að bera hallann af því að sú sönnun hafi ekki tekist. Skuli sýkna stefnda þegar af þeirri ástæðu.

Til viðbótar framangreindu telur stefndi að líta skuli til ákvæða ÍST 30/2012. ÍST 30:2012 sé almennur verksamningsstaðall sem saminn sé um háttsemi og samskipti aðila í verksamböndum. Þessi staðall hafi ekki verið umsaminn á milli aðila, en sé engu að síður greinargóð lýsing á eðlilegum samskiptareglum og venjum sem gildi í verksamböndum. Í grein 6.2 í staðlinum segi að um riftun verksamninga fari eftir almennum réttarreglum. Síðan segir: „*Áður en riftun fer fram skal með skriflegri viðvörum veita gagnaðila samningsins sanngjarnan frest á að bæta úr vanefndunum. Riftun skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti.*“ Setning þessi staðfesti hver venja sé og samskiptareglur í verksamböndum. Engri skriflegri riftun sé fyrir að fara, og ekki munnlegri heldur.

Ef dómur kæmist að þeirri niðurstöðu að snúa ætti sönnunarbyrði við með þeim hætti að aðilar þyrftu að sanna að þeir hefðu *ekki* beitt riftun væri fjölmörgum verksamböndum og í raun kauparéttinum í heild sinni stefnt í mikinn voða.

Stefndi hafi aldrei rift samningnum heldur hafi það verið stefnandi sem kvaðst ekki geta unnið á umsömdum einingaverðum. Sú háttsemi stefnanda að fara með allt sitt starfslið og verkfæri af verkstað með tilheyrandi tjóni fyrir stefnda myndi almennt fela í sér verulega vanefnd sem myndi réttlæta tafarlausa riftun á verksamningi. Slík riftun myndi þannig teljast vera lögmæt og ekki baka þeim sem rifti bótaskyldu.

Stefndi hafnar því að niðurstaða matsgerðar hafi sönnunargildi í málinu. Niðurstaða matsmanns sé sú að eðlilegt hefði verið að stefnandi hefði haft hagnað af verkinu. Staðreyndin sé þó sú að stefnandi hafi sjálfur haft uppi fullyrðingar um að hann gæti ekki unnið á umsömdum einingaverðum, hann fengi einfaldlega ekki starfsmenn til þess. Þannig hafni stefndi því að matsgerðin geti verið sönnunargagn um að stefnandi sjálfur hafi getað vænst hagnaðar úr verkframkvæmdinni.

Stefndi mótmælir dráttarvaxtakröfu stefnanda. Telji dómurinn að stefnandi eigi rétt á dráttarvöxtum skuli í fyrsta lagi reikna þá frá því að málið var höfðað.

#### IV.

Við aðalmeðferð málsins komu fyrir dóm og gáfu skýrslur Pálmar Harðarson, framkvæmdastjóri stefnda og fyrrum fyrirsvarsmaður Hljómalindarreits ehf., og Ólafur Þ. Kristjánsson, fyrirsvarsmaður stefnanda. Bar þeim saman um að á fundi þeirra 27. nóvember 2014 hefði Pálmar óskað eftir fresti til að íhuga þá hækkun sem Ólafur hafði þá farið fram á samkvæmt yfirliti sem lagt hefur verið fram í málinu. Á fundi sem haldinn var 5. desember sama ár og boðað var til af hálfu stefnda ber mönnum saman um að Pálmar hafi tjáð Ólafi að stefndi myndi ekki hækka verklaun stefnda. Að öðru leyti eru menn ekki einhuga um tjáskiptin sem fram fóru á þessum fundum. Pálmar bar fyrir dómi að á fundinum 5. desember 2014 hefði Ólafur sagt að „hann væri hættur“ og spurt hvort hann mætti taka dótið sitt, en Ólafur lýsti orðaskiptum á þann hátt að samstarfinu hefði verið slitið formálalaust af hálfu stefnda þegar við upphaf fundarins og stefnanda gert að hætta störfum og fara með sitt hafurtask.

Samkvæmt framanskráðu þarf dómurinn að höggva á þann hnút sem málsaðilar hafa bundið með ósamræmanlegum lýsingum á því hvernig skilja hafi mátt orð Ólafs Þ. Kristjánssonar á fundinum 26. nóvember 2014 um hækkun einingaverðs og hvor aðilinn teljist hafa rift verksamningi þeirra á fundinum 5. desember 2014. Pálmar kveðst hafa skilið orð Ólafs á fundi þeirra 26. nóvember á þá lund að stefnandi myndi hætta ef verðið yrði ekki hækkað, en Ólafur neitar því. Annars vegar er því haldið fram að verksamningnum hafi verið rift formálalaust af hálfu stefnda, en á hinn bóginn hefur verið fullyrt að stefndi hafi aðeins tilkynnt að kröfum stefnanda væri hafnað og að stefndi hafi svo ekki gert annað en að samþykkja uppsögn stefnanda. Við skýrslutökur voru þeir Ólafur og Pálmar

sammála um að fundurinn 5. desember 2014 hefði verið mjög stuttur og að honum hefði lokið án þess að rætt væri um þann möguleika að stefnandi ynni áfram fyrir stefnda á óbreyttum verðum.

Svo sem fyrr greinir var enginn skriflegur verksamningur gerður milli aðila, heldur grundvallaðist samstarf þeirra á munnlegum samningi. Í skýrslutökum við aðalmeðferð kom raunar fram að málsaðilar hefðu á fyrri stigum unnið saman að öðrum verkefnum og samningar þeirra á milli ávallt verið munnlegir. Með hliðsjón af þessari samningstilhögun var hvorum aðila um sig unnt að rifta samningi þeirra án þess að sú yfirlýsing þyrfti að uppfylla sérstök formskilyrði. Í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem í húfi voru af hálfu beggja aðila og þess sönnunarvanda sem risið hefur í kjölfarið blasir þó við að riftunaryfirlýsingin hefði með réttu átt að vera skrifleg. Með því að ekki var gætt að þessu mikilvæga atriði er dómnum óhægt um vik að slá nokkru föstu um þetta mikilvægasta ágreiningsefni málsins, þar sem orð stendur gegn orði.

Af stefnda hálfu hefur í þessu samhengi verið lögð mikil áhersla á að stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu að stefndi hafi rift samningi málsaðila. Til sanns vegar má færa að samkvæmt almennum réttarfarsreglum ber þeim sem heldur fram fullyrðingu að færa fram sönnur fyrir henni. Þótt beiting slíkrar meginreglu um sönnun geti iðulega átt vel við verður henni ekki, fremur en öðrum lagalegum meginreglum, beitt án tillits til aðstæðna hverju sinni. Í málinu sem hér er til úrlausnar er sönnunarmat augljósum örðugleikum háð þar sem skrifleg gögn um riftun skortir og hlutlausum vitnum er ekki til að dreifa. Af þessu leiðir að framangreindri meginreglu um sönnunarbyrði verður ekki beitt hér vafningalaust. Að álit dómsins væri slík réttarfarsíðkun til þess fallin að grafa undan sönnunarreglum í víðara samhengi með því beinlínis að birta hvata til þess að hallað væri réttu máli við skýrslutökur fyrir dómi. Skýrslugjöf aðila og vitna fyrir dómi þjónar þeim tilgangi að varpa nánara ljósi á málsatvik og upplýsa hvað gerðist í raun og sann. Leiðir þetta beint af ákvæði 1. mgr. 56. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þar sem fram kemur að dómara beri við upphaf skýrslutöku að brýna alvarlega fyrir vitni skyldu þess til að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan, og leiða athygli vitnisins að þeirri refsíabyrgð sem er samfara vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði. Hið sama gildir um skýrslugjöf aðila að breyttu breytanda, sbr. ákvæði 2. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991. Eins og mál þetta er vaxið getur dómurinn ekki útilokað að ólíkar lýsingar á því sem aðilum fór á milli 5. desember 2014 stafi af misskilningi, en hitt verður heldur ekki útilokað að önnur hvor lýsingin sé vísvitandi villandi eða röng. Af öllu þessu leiðir að mál þetta verður ekki til lykta leitt án þess að horfa til annarra þátta sem málið varða og gætu verið til skýringar fallnir.

Yfirlitsskjal Ólafs Þ. Kristjánssonar sem dagsett er „26. nóv“ og lagt var fram á fundi fyrirvarsmanna málsaðila 27. nóvember 2014 sýnir „meðalkaup pr tíma“ í þeim verkum sem stefnandi hafði með höndum á „Lýsisreit“ og „Hljómalindarreit“, auk yfirlits yfir verk sem stefnandi hafði áður sinnt við byggingu svonefnds Marína hótels í Reykjavík. Þar er að finna svohljóðandi málsgrein undir fyrirsögninni „Lýsi“: „Kaupið hefur sloppið hingað til en þar sem „Rjóminn“ er búinn (botnplatan og veggir með k12) og við tekur [svo] veggir með k10 og engar plötur sem kallast getur er fyrirjábanlegt að afköstin munu minnka mikið. Þ.e. kíló per klst. Því er einsýnt að verðið verði að hækka úr 82 kr í 120 kr.“ Undir fyrirsögninni „Hljómalind“ segir orðrétt: „Þar hefur gengið mjög illa eins og sést á laununum. En von er um að núna loksins séum við að komast í betri, varanlega aðstöðu þannig að afköstin fara vonandi að aukast. Verðið er einnig of lágt þar.“

Að mati dómsins verður ofangreint skjal ekki skilið á annan hátt en sem innlegg í samningaviðræður. Er sú ályktun í samræmi við framburð Pálmars Harðarsonar sem kannaðist við það hér fyrir dómi að þegar í upphafi hafi verið rætt um að einingaverð til stefnda kæmu til endurskoðunar „eftir einhvern tíma“ en bætti við að það hefði getað orðið til lækkunar einnig. Í máli Pálmars kom fram að hann hefði talið umbeðna hækkun stefnanda vera úr hófi fram og að hann hefði skilið það svo að stefnandi væri að biðja um hækkun á báðum byggingarreitum.

Í skýrslu Pálma Harðarsonar kom einnig fram að eftir fund fyrirvarsmanna málsaðila 27. nóvember 2014 hefði stefndi hafið leit að mönnum sem leyst gætu stefnanda af hólmi. Í skýrslu sinni sagði Pálmar jafnframt að sú leit hefði borið þann árangur að 5. desember 2014 hafi stefndi verið komnir með afleysingamenn í sigtið „til að redda“ stefnda, sem tilbúnir voru til að vinna á sömu einingaverðum og áður hafði verið samið um við stefnanda. Afleysingamenn þessir hefðu svo mætt til starfa á verkstað strax eftir að stefnandi fjarlægði verkfæri sín af staðnum. Pálmar staðfesti fyrir dómi að á fundinum 5. desember hefðu engar aðrar tölur verið ræddar og einnig, svo sem áður greinir, að ekki hefði komið til tals að stefnandi ynni áfram fyrir stefnda á óbreyttum verðum.

Við skýrslutökur fyrir dómi staðfestu starfsmenn Þingvangs ehf., Jón Ragnar Magnússon og Brynjar Einarsson, að engar athugasemdir hefðu verið gerðar við verklag eða vinnu stefnanda. Þá staðfesti Jón Ragnar að á fundinum 5. desember 2014 hefði ekki verið óskað eftir því af hálfu stefnda að stefnandi efndi skuldbindingar sínar samkvæmt fyrri samningum. Jón staðfesti að stefnandi hafi ekkert unnið fyrir stefnda eftir föstudaginn 5. desember og að stefndi hafi fengið aðra járnsmenn til að mæta mánudaginn 8. desember 2014 til að halda verkinu áfram.

Skýrslur sem þáverandi undirverktakar stefnanda, Tryggvi Harðarson og Örvar Ásberg Jóhannsson, gáfu við aðalmeðferð málsins samræmast þeim framburði Ólafs Þ. Kristjánssonar að stefnandi hefði ekki haft að neinum öðrum verkefnum að hverfa eftir að samstarfi málsaðila lauk 5. desember 2014 og þeir hafi verið án verkefna í á þriðja mánuð eftir að endir var bundinn á verk stefnanda í þágu stefnda. Í skýrslu Tryggva kom fram að þegar hann, ásamt öðrum mönnum á vegum stefnanda, fór á verkstað til að pakka saman verkfærum 6. desember 2014 þá hafi starfsmönnum stefnda hafi þótt leitt að stefnanda hefði verið sagt upp störfum og að „alveg greinilegt“ hafi verið að starfsmenn stefnda hafi ekki litið svo á að ákvörðun um verklok hafi komið frá stefnanda.

Að atvikum málsins heildstætt virtum verður ekki annað ráðið en að stefndi hafi verið því óviðbúinn að samstarfi aðila yrði slitið á fundinum 5. desember 2014, en stefndi hafi á hinn bóginn verið slíku búinn og þegar gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir verkstöðvun vegna brotthvarfs stefnanda. Í ljósi þess að stefnandi hafði engin önnur verkefni að hverfa að og að stefndi hafði tryggt sér þjónustu afleysingamanna á sama tíma og stefnandi hvarf af verkstað er engin skýring nærtækari en að það hafi verið stefndi sem hafi átt frumkvæðið að því að rifta samningi málsaðila.

Með riftuninni var stefnanda fyrirvaralaust gert að hætta störfum við þau umfangsmiklu verkefni sem félaginu höfðu áður verið falin af hálfu stefnda. Stefndi hefur á fyrri stigum hafnað áskorunum stefnanda um efndir samninganna og sömuleiðis hefur stefndi hafnað bótakröfum stefnanda. Samkvæmt niðurstöðu dómkvadds matsmanns nemur tjón stefnanda vegna missis hagnaðar af Lýsisreit alls 7.339.148 kr. Þeirri niðurstöðu matsmanns hefur stefndi ekki hnekk.

Í samræmi við framangreint verða kröfur stefnanda teknar til greina og stefnda gert að greiða stefnanda 7.339.148 krónur með dráttarvöxtum frá 15. september 2017 þegar mál þetta var höfðað, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Eftir úrslitum málsins verður stefnda gert að greiða stefnanda 600.000 krónur í málskostnað. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts og þess að annað samkynja mál er rekið fyrir dóminum.

Arnar Þór Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **DÓMSORÐ:**

Stefndi, Þingvangur ehf., greiði stefnanda, Járngrími slf., 7.339.148 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 15. september 2017 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 600.000 krónur í málskostnað.

Arnar Þór Jónsson

